



E 19/2017

**Fyrirspyrjandi** Fulltrúar í norrænu sjálfbærnefndinni  
**Til** Ríkisstjórna Norðurlanda

Til Ríkisstjórna Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn  
um samræmingu á geymslupolsmerkingum matvæla á Norðurlöndum**

Norræna ráðherranefndin skipaði sérfræðingahóp til að fylgja eftir verkefni forsætisráðherranna um grænan hagvöxt. Í skýrslu sérfræðingahópsins, *Food waste and date labelling* (TemaNord 2016:523), er kannað samhengi milli merkinga á matvælum og matarsóunar.

Í skýrslunni er m.a. lagt til að bæta leiðbeiningar fyrir matvælaiðnaðinn, matvöruverslanir og neytendur og samræma reglur um lægri geymsluhita fyrir matvöru sem er viðkvæm fyrir skemmdum. Þá er lagt til að merkingin „síðasta notkunardagur“ skuli aðeins notuð á matvöru sem er viðkvæm fyrir örveruvexti og getur orðið skaðleg heilsu, sé hennar neytt eftir síðasta geymsludag, þrátt fyrir farið sé eftir leiðbeiningum á umbúðum um rétta meðhöndlun. Þá skuli eins staðið að merkingu með dagsetningu geymslupols á eggjum og öðrum matvælum, andstætt því sem nú er.

Skýrslan sýnir fram á að ef bestu starfsvenjur væru viðhafðar alls staðar á Norðurlöndum væri hægt að draga úr matarsóun í löndunum. Í framhaldi skýrslunnar beindi Norðurlandaráð árið 2016 þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að þær færu eftir tillögum forsætisráðherraverkefnisins, Græns hagvaxtar, um að samræma reglur um merkingar með tilliti til síðasta notkunardags á matvælum (tilmæli 17/2016).

Á vordögum 2017 barst Norðurlandaráði svar norrænu ríkisstjórnanna við tilmælum 17/2016. Í svarinu kemur m.a. fram að norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) hygðist afgreiða tilmælin um samræmingu geymslupolsmerkinga á sumarfundi sínum 2017.

Eftir sumarfund ráðherranna tilkynnti skrifstofa ráðherranefndarinnar sjálfbærnefnd Norðurlandaráðs, en hún hefur umsjón með tilmælunum, að ráðherrarnir hefðu ákveðið að fylgja hvorki eftir tillögu sérfræðinganna um að samræma reglur um geymslupolsmerkingar né tilmælum Norðurlandaráðs sama efnis. Ekki hafa fengist neinar skýringar á því hvernig ráðherrarnir komust að þessari niðurstöðu.



Í ljósi þess sem hér hefur komið fram beinum við eftirfarandi fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna

- Hefur tillögum skýrslunnar *Food waste and date labelling* (TemaNord 2016:523) verið fylgt eftir og ef svo er hvaða árangri hefur það skilað?
- Hver er ástæðan fyrir því að ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) ákvað á sumarfundinum að verða ekki við tillögum um samræmingu á geymslupolsmerkingum á matvælum á Norðurlöndum?

Reykjavík, 20. september 2017

*Christian Poll (Alternativet)*

*Irene Johansen (A)*

*Karin Gaardsted (S), varaformaður*

*Kjell-Idar Juvik (A)*

*Liselott Blixt (DF)*

*Rasmus Ling (MP)*

*Staffan Danielsson (C)*

*Suzanne Svensson (S)*

*Sylvi Graham (H)*

*Teitur Björn Einarsson (Sj.)*

*Thomas Finnborg (M)*

*Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)*